

5 Reikningana skal endurskoða af 2 mönnum, er til þess sju kosnir á sama 7. jan. tíma og sama hátt og þeir tveir menn, sem kjörnir eru í stjórn sjóðsins.

8. gr.

Eftir að liðin eru 50 ár frá stofnun sjóðsins má endurskoða og breyta 4. og 5. gr. í skipulagsskrá þessari eftir því, sem kröfur tímans kunna að heimta.

9. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 31. desember 1916. Legst fje hans í Söfnunar-sjóðinn jafnóðum og það losnar: Við afborganagreiðslur skulda, greiðslur samkvæmt kaupsamningi, og greiðslur á sparisjóðsinnstæðu samkvæmt uppsögn. Með vexti af því fje sjóðsins, sem á hverjum tíma er óinnlagt í Söfnunarsjóðinn, fer á sama hátt og vexti þar, sbr. 3. gr.

Pangað til næst fer fram hreppsnefndarkosning skulu menn kosnir í stjórn sjóðsins og til endurskoðunar reikninga á almennum sveitarfundi.

10. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari, og verði henni breytt, sbr. 8. gr., skal fá að nýju konungsstaðfestingu á henni.

Hreppsnefnd Gnúpverjahrepps

15. desember 1916.

Ól. V. Briem, Gestur Einarsson, Jóhann Kolbeinsson.

6 **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Fræðslusjóð Gnúpverja 7. jan. útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 7. janúar 1918.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

Fræðslusjóðs Gnúpverja.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Fræðslusjóður Gnúpverja og er tilgangur hans að efla hvers konar fræðslu meðal íbúa Gnúpverjahrepps. Starfsvið sjóðsins skal einungis vera Gnúpverjahreppur.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins er:

1. Andvirði jarðarinnar Hrafnótta (með Steinstótt), sem frú Sigríður Jónsdóttir Vídalín biskupsekkja gaf Gnúpverjahreppi með gjafabrjefi, dags. 15. júní 1730 (sbr. Lovsamling for Island 2. bindi, bls. 118) og seld hefir verið fyrir kr. 1800,00 — eitt þúsund og átta hundruð krónur — ásamt öllum vöxtum og vaxtavöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. júní 1908, er jarðarverðið var aðgreint frá sveitarsjóði Gnúpverjahrepps sem sjerstakur fræðslusjóður, og er sú fjárhæð öll orðin 31. desember 1916 kr. 2703,65 — tvö þúsund sjö hundruð og þrjár krónur, sextíu og fimm aurar. —
2. Kr. 3000,00 — þrjú þúsund krónur — sem Gnúpverjahreppur leggur til Fræðslusjóðsins af fje því, sem honum hefir hlotnast fyrir sölu á fossum og löndum í sambandi við þá, svo og helmingur af fje því, sem hreppurinn síðar kann að fá fyrir samskonar sölur eða afhendingar.

3. gr.

Fræðslusjóðurinn skal ávaxtast í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, og skal leggja fje hans þar inn með þeim skilmálum, að allir vextir leggist við höfuðstólinn til 31. desember 1926, nema skóli verði stofnaður fyrir hreppinn (hvort heldur einan eða í samlögum við næstu hreppa) fyrir þann tíma, — en frá þeim tíma, hvorum sem er, falli árlega til útborgunar til stjórnar Fræðslusjóðsins bæði 2½% um árið af innlögum og einnig helmingur þess, sem ársvextirnir eru þar fram yfir, en hinn helmingurinn leggist árlega við höfuðstólinn.

Tilkynna skal stjórn Fræðslusjóðsins Söfnunarsjóði Íslands í ábyrgðarbrjefi, ef skóli er stofnaður á næstu 10 árum, hálfu ári fyr en vextir í tilefni af því falli til útborgunar.

4. gr.

Þeim vöxtum Fræðslusjóðsins, sem árlega falla til útborgunar, úthlutar stjórn hans:

1. sem námsstyrk til fátækra barna og unglinga í Gnúpverjahreppi með tilliti til ákvæða nefnds gjafabrjefs.
2. sem styrk til skólahalds fyrir Gnúpverjahrepp.
3. sem styrk til hvers konar náms innanlands og utan, handa ungum og efni- legum mönnum, er átt hafa heimili í Gnúpverjahreppi síðustu 5 — fimm — árin áður en þeim er veittur styrkurinn. Sama gildir og þótt þeir menn, sakir náms, hafi talist til heimilis eitt eða fleiri ár utan hreppsins, hafi þeir næstu 5 árin á undan þeim námsárum verið til heimilis í hreppnum.

5. gr.

Hver sá, sem sækja vill um styrk úr Fræðslusjóðnum, skal hafa sótt um

6. það skriflega til stjórnar sjóðsins fyrir 1. febrúar það ár, sem óskað er eftir að
7. jan. fá styrkinn útborgaðan, og skal þá nákvæmlega til tekið, til hvers nota skuli styrkinn.

6. gr.

Stjórn sjóðsins hafa á hendi 5 menn: Hreppsnefnd Gnúpverjahrepps, ef hana skipa 3 menn, en 3 úr henni, er hún sjálf kýs til 3 ára, ef hún er skipuð fleiri mönnum, 1 maður kosinn til 3 ára í senn á sama tíma og sama hátt og hreppsnefndarmenn eru kosnir, og sóknarprestur þess prestakalls, sem Gnúpverjahreppur eða meiri hluti hans til heyrir. Eigi presturinn sæti í hreppsnefnd, kýs hreppsnefndin mann í hans stað til 3 ára.

Stjórn sjóðsins kýs sjer formann til 3 ára, og á fundum hennar ræður afl atkvæða í öllum málum.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið, reikningarnir bókfærðir, og annaðhvort ár, er ártalið er deilanlegt með 2, birtir í B-deild Stjórnartíðindanna eða Lögbirtingablaðinu. Í reikningunum skulu þeir menn nafngreindir, er notið hafa styrks af sjóðnum, og til hvers konar náms þeir hafi verið styrktir. Reikningarnir sju endurskoðaðir af 2 mönnum, er til sju kjörnir á sama tíma og sama hátt sem gildir um hreppsnefndarkosningu.

8. gr.

Eftir að 50 ár eru liðin frá stofnun sjóðsins, má endurskoða og breyta 4. og 5. gr. eftir því sem kröfur tímans kunna að heimta.

9. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 31. desember 1915. Legst fje hans inn í Söfnunarsjóðinn jafnóðum og það losnar: Við útdrátt bankavaxtabrjefa og greiðslu skuldar. Með vexti af því fje sjóðsins, sem á hverjum tíma er óinnlagt í Söfnunarsjóðinn, fer á sama hátt og vexti þar, sbr. 3. gr.

Þangað til næst fer fram hreppsnefndarkosning skal maður eða menn kosnir í stjórn sjóðsins á almennum hreppsfundi, sömuleiðis endurskoðendur.

10. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari, og verði henni breytt, sbr. 8. gr., skal fá að nýju konungs staðfestingu á henni.

Hreppsnefnd Gnúpverjahrepps

15. desember 1917

Ól. V. Briem. Gestur Einarsson. Jóhann Kolbeinsson.